



SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA

Association of Icelandic Insurance Companies

S/13

Alþingi
Erindi nr. P 128/781
komudagur 16.1.2003

Suðurlandsbraut 6
108 Reykjavík
Sími/Tel.: +354-568 1612
Bréfsími/Fax: +354-568 9664

Alþingi,
efnahags- og viðskiptanefnd,
nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

14. janúar 2002

Efni: Frumvarp til breytinga á gjaldpolsreglum laga um váttryggingastarfsemi, 377. mál.

Með bréfi efnahags- og viðskiptanefndar, dags. 11. desember sl., var Sambandi íslenskra tryggingafélaga (SÍT) sent ofangreint lagafrumvarp til umsagnar. Af því tilefni skal eftirfarandi atriðum hreyft:

1. Með frumvarpi þessu er verið að lögfesta hér á landi efni nýrra gjaldpólstilskipana Evrópusambandsins, þ.e. tilskipun 2002/12/ESB fyrir líftryggingafélög og 2002/13/ESB fyrir skaðatryggingafélög. Er Íslendingum skylt að taka efni þeirra upp í íslenskan rétt. Virðist sem „tæknilegt“ efni frumvarpsins sé í samræmi við tilskipanirnar. Af SÍT hálfu eru því ekki gerðar athugasemdir við frumvarpið að þessu leyti.
2. Gjaldpólstilskipanirnar báðar gera ráð fyrir því, að váttryggingafélög skuli uppfylla reglurnar á fjárhagsárinu, sem hefst 1. janúar 2004, og að eftirlitsstjórnvöld fylgi því eftir frá því tímamarki. Frumvarpið mælir á hinn bóginn fyrir um, að lögini taki strax gildi. Af SÍT hálfu er þess eindregið farið á leit, að efnahags- og viðskiptanefnd breyti gildistökuákvæðinu til samræmis við það, sem tilskipanirnar mæla fyrir um. Er engin ástæða til að gera aðrar kröfur að þessu leyti til íslenskra váttryggingafélaga en gert er til félaga í öðrum EES- ríkjum, enda nauðsynlegt að félögin fái hæfilegan undirbúningstíma að hinum breyttu reglum. **Því er lagt til, að 9. gr. frumvarpsins verði breytt og hljóði svo: „Lög þessi öðlast gildi þann 1. janúar 2004“.**

Samband íslenskra tryggingafélaga er reiðubúið að skýra sjónarmið sín frekar til máls þessa, verði þess talin þörf.

Með vinsemd og virðingu
SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA


Sigmar Ármannsson